

## Fundargerð nr. 212

### 212. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn á Teams 11.3.2025, kl. 8:15

Mætt: Kjartan Björnsson, Erla Sif Markúsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson.

#### 1. Ársreikningur 2024

Helga Sighvatsdóttir fór yfir ársreikning fyrir stjórn.

Stjórn samþykkir ársreikning Tónlistarskóla Árnesinga með rafrænni undirritun.

#### 2. Samþykkt fyrir Tónlistarskóla Árnesinga bs.

Stjórn fór yfir drög að samþykktum , nokkrar athugasemdir komu upp. Þessum athugasemdum verði komið áfram til vorfundar Héraðsnefndar.

#### 3. Tónlistarkennsla í fangelsum.

Beiðni kom frá Hildi Björgu Vilhjálmsdóttur námsráðgjafa hjá FSu, um hvort hægt væri að koma á fót tónlistarnámi í fangelsinu á Litla Hrauni með einhverju móti.

Stjórn tekur jákvætt í erindið og vill skoða það frekar með tilliti til kostnaðar og mönnunar.

#### 4. Biðlistar

Eins og stendur eru 39 í bið þar af 20 í Árborg. Síðasta haust voru biðlistar nánast tæmdir. Það er greinileg viðspyrna í eftirspurn eftir tónlistarnámi.

Stjórn vill lýsa yfir ánægju sinni með það að Flóahreppur auglýsti tónlistarnám fyrir vorönn og komu 15 nemendur inn eftir það.

Flaira ekki rætt og fundi slitið kl. 09:30 / SIS

Fundargerð send til fundarmanna í tölvupósti til samþykktar.

*Kjartan Björnsson  
Erla Sif Markúsdóttir  
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson  
Helga Sighvatsdóttir  
Jóhann I. Stefánsson*